



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudagur 12. Febrúar, 2019 á Kjóavöllum.

5. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Auður Stefánsdóttir, Magnús Benediktsson, Lárus Finnbogason, Sverrir Einarsson, Margrét Tómasdóttir, Kristján Ríkhardsson.

Ólafur Karl Eyjólfsson boðaði forföll.

Á þessum 5. fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Lóðamál. Formaður sendi erindi til Garðabæjar, ekki komið svar.
3. LH hefur samþykkt að hestamannafélögin hér á Reykjavíkursvæðinu haldi sameiginlega Íslandsmótin, bæði eldri og yngri flokka. Mótin fara fram á félagssvæði Fáks dagana 3.-7. júlí.
4. Rætt um umhverfismál.
 - a. Samþykkt að lagfæra mön við norðurenda reiðhallar (við neðstu húsin að reiðhöll) og tengja við reiðvegakerfkið eins og teikningar gera ráð fyrir. Farið verður í framkvæmdir í vor.
 - b. Stefnt að því að útbúa fleiri beitarhólf með vorinu. Verður tilkynnt síðar.
5. Vetrarleikar Sprettis næstu helgi.
6. Rætt um notkun félagsmanna og ekki félagsmanna að aðstöðu félagsins. Stjórn ítrekar að aðstaða félagsins er ætluð félagsmönnum og hvetur þá sem ekki eru nú þegar gegnir til liðs við félagið að gera það.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 19

Fundargerð ritaði Margrét Tómasdóttir